29. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness
Dagsetning: 2.12.2024
Fundartími: 16:30 – 18:30

Mætt til fundar:

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorteinsson framkvæmdastjóri

Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri mengunar

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Dagskrá fundarins:

1. Dagskrárliður: Efnistaka úr Undirhlíðum - matsáætlun

Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn um þau áform Hafnarfjarðarbæjar að hefja efnistöku úr Undirhlíðum í Hafnarfirði, sunnan Bláfjallavegar. Gróflega er áætlað að hægt sé að vinna um 5-6,5 milljónir m3 af föstu efni og að það verði gert í fjórum áföngum þar sem hámarks leyfileg vinnslustærð sé um 150.000-300.000 m3 á ári.

Heilbrigðiseftirlitið hefur farið yfir áætlunina og gerir ekki athugasemdir við þá þætti sem rýndir verða. Þó er rétt að geta þess að frá fyrra umhverfismati frá 2004 hefur verið unnin samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar (555/2015). Fyrirhuguð efnistaka úr Undirhlíðum er á fjarsvæði vatnsverndarsvæðisins. Fjarsvæði er aðal ákomusvæði fyrir þá grunnvatnsstrauma sem liggja að núverandi vatnsbólum og framtíðarvatnsbólum. Því verður öll landnotkun að falla að forsendum vatnsverndar. Heilbrigðiseftirlitið hvetur til þess að við umhverfismatið verði horft til fleiri valkosta s.s. námuvinnslu utan verndarsvæða vatnsbóla.

Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

2. Dagskrárliður: Skipulagslýsing, austurhluti Hlíðavallar

Áformuð er breyting á aðalskipulagi og gerð deiliskipulagsáætlunar vegna breytinga á íþrótta- og útivistarsvæðis við sunnanverðum Leirvogi. Skipulagið mun skilgreina betur sambúð íþrótta og útivistar á svæðinu, þ.m.t. stíga, reiðleiða, fjöru og grænna svæða. Allur eystri helmingur Hlíðavallar verður hluti af nýju deiliskipulagi.

Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér lýsinguna og gerir ekki athugasemdir. Vekur þó athygli á mikilvægi þess að öryggi vegfarenda og hestamanna sé tryggt. Þá leggur heilbrigðisnefnd áherslu á að vel verði gengið frá frárennsli regnvatnslagna á svæðinu þannig að hreinsun ofanvatns sé tryggð á leið til sjávar. Heilbrigðiseftirlitið vekur athygli á að skrásett er að mengaður jarðvegur er að finna sunnan við Hestaþingshóll sem er rétt austan við skipulagssvæðið þar sem urðaðar voru olíutunnur, bílhræ og

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

annar úrgangur samkvæmt skrá Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg. Mikilvægt er tilkynna heilbrigðiseftirliti eða Umhverfisstofnun ef kemur í ljós að jarðvegur sé mengaður, þegar framkvæmdir hefjast.

3. Dagskrárliður: Varúðarsvæði álvers, breyting á aðalskipulagi við Straumsvík

Í breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar sem öðlaðist gildi 23. ágúst 2023 voru felld út mörk þynningasvæðis og mörkin endurskilgreind sem varúðarsvæði (VA1). Varúðarsvæðið náði til fyrri þynningarsvæðis og með nánast sömu takmörkunum á notkun og í skilgreiningu á þynningarsvæði.
Umhverfismörk í kringum álverið eru minnkuð verulega og gerð er tillaga um ný umhverfismörk byggð á niðurstöðum mengunarútreikninga þar sem áætlað er að viðmiðunarmörkin 0,3µg/m3 fyrir loftkennt flúoríð liggi. Forsenda þess að nota styrk flúoríðs sem viðmiðunarmörk er að þegar skoðuð eru öll efnin og dreifing á þeim yfir þynningarsvæðið og svæði takmarkaðrar ábyrgðar, þá er það einkum styrkur flúoríðs sem fer yfir þau mörk innan umhverfismarka í kringum álverið.
Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér tillöguna og vekur athygli á að þær mælingar sem fyrirtækið Resource International byggja á takmörkuðum gögnum. Það er því mikilvægt að bæði loftgæðamælingar og mælingar á loftbornum málmum séu gerðar reglulega á svæðinu, svo hægt sé að staðsetja uppruna mengunar og gera kröfu um úrbætur ef mælingar gefa til kynna mengun frá starfsemi á svæðinu. Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

4. Dagskrárliður: Uppgræðsla í Krýsuvík, matsfyrirspurn

Hafnarfjarðarbær áformar að gróðursetja birkitré í Krýsuvík. Hafnarfjarðarbær sótti um í Landbótasjóð og fékk 10.000 birkitré frá Landi og skógi, sem komnar eru á fyrirhuguð uppgræðslusvæði.
Heilbrigðiseftirlitið hefur kynnt sér áform Hafnarfjarðarbæjar um uppgræðslu og gróðursetningu birkitrjáa í Krýsuvík. Heilbrigðiseftirlitið leggur áherslu á að notkun hrossataðs á ógróið land sé í samræmi við góða búskaparhætti og ef geyma þarf þurrt hrossatað áður en því er dreift að vandað sé til staðsetningar á geymslustöðum svo það valdi ekki mengun á nálægu yfirborðsvatni.
Það er mat heilbrigðiseftirlitsins að ágætlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, breytingu á umhverfi og umhverfisáhrifum. Ekki sé ástæða til að áform Hafnarfjarðarbæjar um gróðursetningu í Krýsuvík fari í umhverfismat. Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

5. Dagskrárliður: Fornubúðir 5, Miðsvæði - aðal- og deiliskipulagsbreyting

Breytingin felur í sér breytingu á skilmálum í greinargerð. Skilmálar miðsvæðis M7 breytast vegna lóðarinnar Fornubúðir 5. Á reit M7 er gert ráð fyrir fyrirtækjum og stofnunum sem tengjast höfn, útgerð, hafrannsóknum og þjónustu við starfsemi á svæðinu.
Heilbrigðisnefnd kom að ábendingum við lýsingu á aðalskipulagsbreytingunni. Þar kom m.a. fram að gera þarf meiri kröfur til íbúðarhúsnæðis á svona atvinnusvæði en almennt gerist á íbúðarsvæðum. Gera þarf meiri kröfur til hljóðvarna og eins þarf að reikna með að íbúar geti mögulega orðið fyrir öðrum umhverfisáhrifum svo sem lykt og þungri umferð.
Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögn heilbrigðiseftirlitsins.

6. Dagskrárliður: Þorlákstún í Hafnarfirði - breyting á aðalskipulagi

Breytingin nær til skógræktar – og landgræðslusvæðisins SL4 sem breytt verður íbúðarbyggð og verður hluti af Hvaleyrarholti (svæði ÍB7). Svæðið sem um ræðir er um 6 ha að stærð, grasi vaxið holt, en jafnframt eru nýjar fyllingar í tengslum við tvöföldun Reykjanesbrautar. Að svæðinu liggur Reykjanesbraut til suðurs. Samkvæmt tillögunni verður nýja byggðin um 30 metra frá brautinni.
Heilbrigðiseftirlitið gerir ekki athugasemdir við þéttingu byggðar samkvæmt skipulaginu en bendir á að gera þarf hljóðvistarlíkan sem nær yfir svæðið til að meta áhrif umferðarhávaða frá Reykjanesbraut á

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

íbúðabyggð á svæðinu. Gera þarf grein fyrir mótvægisaðgerðum í deiliskipulagi svæðisins með hliðsjón af niðurstöðum hljóðvistarlíkans. Heilbrigðisnefnd staðfestir umsögnina.

7. Dagskrárliður: Aðalfundargerð Samtaka heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi
Lögð fram fundargerð aðalfundur SHÍ sem fram fór í fundarsal Heilbrigðiseftirlitsins að Hlíðasmára 14 í Kópavogi þann 24. október sl.
Lagt fram til kynningar.

8. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 30.10. 2024
Lögð fram fundargerð afgreiðslufunds frá dags. 30.10.2024 til kynningar og staðfestingar.

9. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 06.11. 2024
Lögð fram fundargerð afgreiðslufunds frá dags. 06.11.2024 til kynningar og staðfestingar.

10. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 13.11. 2024
Lögð fram fundargerð afgreiðslufunds frá dags. 13.11.2024 til kynningar og staðfestingar.

11. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 20.11. 2024
Lögð fram fundargerð afgreiðslufunds frá dags. 20.11.2024 til kynningar og staðfestingar.

12. Dagskrárliður: Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 27.11. 2024
Lögð fram fundargerð afgreiðslufunds frá dags. 27.11.2024 til kynningar og staðfestingar.

Undirskrift fundargerðar

Svanur Karl Grjetarsson formaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Linda Hrönn Þórisdóttir aðalmaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Ingibjörg Hauksdóttir aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

32. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 30.10.2024	**Fundartími: 09:00 – 10:00**
Boðaðir:	Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir
Fundarstjóri:	Hörður Þorsteinsson
Ritari:	Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. **Flatahraun 11 Hafnarfirði - skammtímavistun - starfsleyfi**
8. **Fjarðargata 13-14 Hafnarfirði - flugeldasýning - skráning**
11. **Ránargrund 4 Garðabæ - flugeldasýning - skráning**
43. **Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði - matvöruverslun - tóbaksleyfi**
60. **Dalvegur 24, Kópavogi - bifreiðaverkstæði - skráning**
63. **Fjarðargata 13-15, Hafnarfirði, matvöruverslun - starfsleyfi**
74. **Álhella 1 Hafnarfirði - Málmtætingu**
82. **Skútahraun 9a, Hafnarfjörður - matvælaframleiðsla - starfsleyfi**
83. **Flugumýri 6, Mosfellsbæ - vélsmiðja - skráning**

1. Flatahraun 11 Hafnarfirði - skammtímavistun - starfsleyfi

Lögð fram umsókn Funa Sigurðssonar f.h. Barna- og fjölskyldustofu kt. 700595-2699 dags. 29.10.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir neyðarvistun Stuðla að Flatahrauni 11 Hafnarfirði fasteignanr. F2074783. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 30.10.2024.
Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 01.05.2025.

2. Fjarðargata 13-14 Hafnarfirði - flugeldasýning - skráning

Lögð fram umsókn f.h. Húsfélagið Fjörður kt. 691194-2649 dags. 28.10.2024 þar sem sótt er um leyfi fyrir flugeldasýningu vegna Bæjarhátíðar Hafnarfjarðar og 30 ára afmæli Fjarðar þann 22.11.2024 frá kl. 19:20 - 19:25.
Með vísun til mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt. Flugeldasýningu vegna Bæjarhátíðar Hafnarfjarðar og 30 ára afmæli Fjarðar þann 22.11.2024 frá kl. 1920 - 1925.

3. Ránargrund 4 Garðabæ - flugeldasýning - skráning

Lögð er fram umsókn f.h. Verkeining ehf., kt. 430714-0820 dags. 23.10.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir flugeldasýningu í tilefni af 10 ára afmælis fyrirtækisins, haldið í veitingastaðnum Sjálandi Garðabæ. frá kl. 20:00 - 21:00, 5 tertur að hámarki.
Með vísun til mengunarvarnareglugerða er skráning staðfest fyrir flugeldasýningu við veitingastaðinn Sjálandi Garðabæ. frá kl. 2000 - 2100.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

4. Fjarðargata 13-15 Hafnarfirði - matvöruverslun - tóbaksleyfi
Lögð fram umsókn Sigríðar Þráinsdóttur f.h. Fjarðarbúðin ehf., kt. 531123-1150, dags. 103.09.2024 þar sem sótt er um tóbaksleyf fyrir matvöruverslun að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2236576. Nýtt leyfi.
Eftirlitsskýrsla dags. 25.10.2024.
Tóbaksleyfi samþykkt til 4 ára.

5. Dalvegur 24, Kópavogi - bifreiðaverkstæði – skráningarskyld starfsemi
Lögð fram umsókn Ahmad Mohammed f.h. Ninawa ehf., kt. 610524-0790 dags.17.07.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiða-, dekkja- og smurverkstæði að Dalvegi 24 í Kópavogi fasteignanr.F2060571. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 30.10.2024.Bréf sent byggingafulltrúa dags. 28.08.2024. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 01.11.2024.
Með vísan til mengunarreglugerða er skráningin staðfest.

6. Fjarðargata 13-15, Hafnarfirði, matvöruverslun - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Sigríðar Þráinsdóttur f.h. Fjarðarbúðarinnar kt. 531123-1150, dags. 10.07.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun að Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði. Fasteignanr. 223-6576, húshluti: 0104. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags25.10.2024.
Með vísun til matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfisumsókn samþykkt til 12 ára.

7. Álhella 1 Hafnarfirði - Málmtætingu
Lögð fram umsókn Jóns Freys Benediktssonar f.h. Hringrás ehf., kt. 490195-2039, dags. 16.05.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir málmtætingu að Álhellu 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2078537. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 30.10.2024.
Með vísan til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfið samþykkt til 12 ára.

8. Skútahraun 9a, Hafnarfjörður - matvælaframleiðsla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Kikka K.M. Sigurðardóttur f.h. Valkyrjan., kt. 440124-0110, dags. 05.03.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Skútahrauni 9a, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2010747. Eigendaskipti.
Eftirlitsskýrsla 23.10.2024.
Með vísan í til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

9. Flugumýri 6, Mosfellsbæ - vélsmiðja - skráning
Lögð fram umsókn Haraldar Vals Haraldssonar f.h. Vélsmiðjan Sveinn ehf., kt. 431193-2219, dags. 15.03.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir vélsmiðju að Flugumýri 6, Mosfellsbæ. Fasteignanr. F2083409, 2083410,2083411,2083412,2297539. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 16.5.2024.
Með vísan til mengunarvarnarreglugerðar er skráningin staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

33. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 6.11.2024	**Fundartími: 09:00 – 10:00**
Boðaðir:	Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir
Fundarstjóri:	Hörður Þorsteinsson
Ritari:	Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. Strandgata 6 Hafnarfirði - Jólahjarta Hafnarfjarðar - tækifærisleyfi
2. Vinastræti 14-16 Garðabæ - dreifing matvæla - starfsleyfi
3. Thorpsplan Strandgötu Hafnarfirði - matvæli - tímabundið starfsleyfi
4. Strandgata 53 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn
5. Suðurströnd 2-8 Setljarnarnesi - tækifærisleyfi - umsögn
6. Auðbrekka 17 Kópavogi - bifreiðaverkstæði - skráningarskylt
7. Thorsplan Hafnarfirði - dreifing matvæla - starfsleyfi
8. Hagasmári 1 Kópavogi - veitingastofa - umsögn
9. Hagasmári 1 Kópavogi - veitingastofa - starfsleyfi
10. Flugvellir 1 Hafnarfirði - mötuneyti - starfsleyfi
11. Álhella 1, Hafnarfirði - vélaverkstæði - skráningarskyld starfsemi
12. Víkurhvarf 2, Kópavogi - dreifing matvæla

1. Strandgata 6 Hafnarfirði - Jólahjarta Hafnarfjarðar - tækifærisleyfi
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 05.11.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Bæjarbíó slf., kt.611116-0550 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir Jólahjarta Hafnarfjarðar í tjaldi á Mathísen torg bak við Bæjarbíó Strandgötu 6 Hafnarfirði þann 13.11.2024 - 20.11.2024 kl. 12:00 til 22:00. Áætlaður gestafjöldi 100 manns
Jákvæð umsögn staðfest.

2. Vinastræti 14-16 Garðabæ - dreifing matvæla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Ottars Angantýssonar f.h. Steindal ehf., kt. 520919-1040 dags. 30.10.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla, lögheimili að Vinastræti 14-16 Garðabæ. Breyting á húsnæði. Dreifing frá vöruhóteli Eimskipa.
Eftirlitsskýrsla dags. 30.10.2024.
Með vísan til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

3. Thorpsplan Strandgötu Hafnarfirði - matvæli - tímabundið starfsleyfi
Lögð fram umsókn Sunnu Magnúsdóttur f.h. Hafnarfjarðarbæjar kt. 590169-7579 dags. 31.10.2024 þar sem sótt er um tímabundið starfsleyfi fyrir jólaþorp á Thorsplani Hafnarfirði, allar helgar frá 15.11.2024 -23.12.2024.
Eftirlitsskýrsla dags. 06.11.2024.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er tímabundið starfsleyfi samþykkt 15.11.2024-23.12.2024.

4. Strandgata 53 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 01.11.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn PBT ehf., kt.650823-0280 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir tónleika í Íþróttahúsinu Strandgötu 53 Hafnarfirði fasteignanr.F2079433. þann 01.01.2025 frá kl. 00:30 - kl. 04:00. Áætlaður gestafjöldi 800 manns.
Jákvæð umsögn staðfest.

5. Suðurströnd 2-8 Setljarnarnesi - tækifærisleyfi - umsögn
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 01.11.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Íþróttafélagsins Gróttu, kt.700371-0779 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir tónleika í Íþróttahúsi Gróttu Suðurströnd 2-8 Seltjarnarnesi, þann 16.11.2024 kl. 19:00 til 17.11.2024 kl. 01:00. Áætlaður gestafjöldi 200 manns.
Jákvæð umsögn staðfest

6. Auðbrekka 17 Kópavogi - bifreiðaverkstæði - skráningarskylt
Lögð fram umsókn B.V.V. ehf., kt. 640524-0140 dags. 02.10.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir bifreiðaverkstæði að Auðbrekku 17 Kópavogi. Fasteignanr. F2058765. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 06.11.2024.
Með vísan til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.

7. Thorsplan Hafnarfirði - dreifing matvæla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Dagnýjar Michelle Jónsdóttur f.h. Kvennakór Hafnarfjarðar kt. 600697-2189 þar sem sótt er um tímabundið starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla í bás í jólaþorpinu í Hafnarfirði, dagana 13.-15. 12.2024.
Með vísun til matvælareglugerða er starfsemin undir smáræðismörkum og því ekki starfsleyfisskyld starfsemi.

8. Hagasmári 1 Kópavogi - veitingastofa - umsögn
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 09.10.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn South side ehf., kt.520124-0980 þar sem sótt er um veitingaleyfi í Flokki II - A Veitingahús í flokki II að Hagasmára 1 Kópavogi. Fasteignanr. F2227650.
Eftirlitsskýrsla dags. 06.11.2024.
Jákvæð umsögn staðfest.

9. Hagasmári 1 Kópavogi - veitingastofa - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Cornel Popa f.h. Bacco, kt.520124-0980 dags. 03.10.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastofu að Hagasmára 1 Kópavogi. Fasteignanr: F2227650. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags.06.11.2024.
með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

10. Flugvellir 1 Hafnarfirði - mötuneyti - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Einars Jakobs Þórssonar f.h. Icelandair ehf kt. 461202-3490 dags. 23.08.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir mötuneyti að Flugvöllum 1 Hafnarfirði. Fasteignanr.F2351442. Breyting á húsnæði.
Eftirlitsskýrsla dags. 06.11.2024.
Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

11. Álhella 1, Hafnarfirði - vélaverkstæði - skráningarskyld starfsemi
Lögð fram umsókn Kristínar Þ. Edvardsdóttur f.h. Hringrás ehf., kt. 490195-2039, dags. 19.10.2022, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bifreiða- og vélaverkstæði fyrirtækisins að Álhellu 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. F2078537. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 05.04.2023. Bréf sent byggingafulltrúa dags. 25.10.2022. Jákvætt svar byggingafulltrúa dags. 01.07.2024.
Skráningin er staðfest, en vakin er athygli á að klára þarf úrbætur í samræmi við framlagða úrbótaáætlun.

12. Víkurhvarf 2, Kópavogi - dreifing matvæla
Lögð fram umsókn Árna Elvars Eyjólfssonar f.h. Lagsmaður ehf. kt.500604-3010 dags. 29.04.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla Víkurhvarfi 2, Kópavogi. Breyting á starfsemi. Fasteignanr.2289103.
Eftirlitsskýrsla dags. 06.11.2024.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerðar er starfsleyfi samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11 2026

34. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 13.11.2024	**Fundartími: 09:00 – 10:00**
Boðaðir:	Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir
Fundarstjóri:	Hörður Þorsteinsson
Ritari:	Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. **Leirvogur Mosfellsbæ - flugeldasýning - skráning**
2. **Smiðjuvegur 2 Kópavogi - matvöruverslun - tóbaksleyfi**
3. **Smáratorg 1 Kópavogi - sjoppa/ísbúð - tóbaksleyfi**
4. **Strandgata 53 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn**
5. **Strandgata 6 Hafnarfirði - Jólahjarta Hafnarfjarðar - tækifærisleyfi**
6. **Strandgata 6 Hafnarfirði - Jólahjarta Hafnarfjarðar - tækifærisleyfi**
7. **Strandgata 6 Hafnarfirði - Jólahjarta Hafnarfjarðar - tækifærisleyfi**
8. **Strandgata 6 Hafnarfirði - Jólahjarta Hafnarfjarðar - tækifærisleyfi**
9. **Urriðaholtsstræti 24 Garðabæ - dreifing matvæla - starfsleyfi**
10. **Álfholt 56 C Hafnarfirði - matarvagn - starfsleyfi**
11. **Dalvegur 10-14 Kopavogur - samkomustaður - starfsleyfi**
12. **Strandgata 6 Hafnarfirði - Jólahjarta Hafnarfjarðar - starfsleyfi**
13. **Strandgata 24b Thorsplan Hafnarfirði - Jólahjarta Hafnarfjarðar -umsögn**

1. Leirvogur Mosfellsbæ - flugeldasýning - skráning

Lögð er fram umsókn Guðmundar Vignis Þórðarsonar f.h. Björgunarsveitin Kyndill kt. 500377-0709 dags. 11.11.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir flugeldasýningu. : Þrettándasýning Mosfellsbæjar 2025 þann 6.01.2025 frá kl. 18:00 -21:00. við Skólphreinsistöð Mosfellsbæjar við Leirvog Mosfellsbæ. Minnisblað dags.13.11.2024.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.

2. Smiðjuvegur 2 Kópavogi - matvöruverslun - tóbaksleyfi

Lögð fram umsókn f.h. Mini Market ehf., kt. 470214-1040 dags. 11.11.2024 þar sem sótt er um endurnýjun á tóbaksleyfi fyrir matvöruverslun að Smiðjuvegi 2 Kópavogi fasteignanr.F2263524.
Eftirlitsskýrsla dags. 21.03.2023.

Tóbaksleyfi samþykkt til 4 ára

3. Smáratorg 1 Kópavogi - sjoppa/ísbúð - tóbaksleyfi

Lögð fram umsókn f.h. Rakkaberg ehf., kt. 570902-3180 dags. 07.11.2024 þar sem sótt er um endurnýjun á tóbaksleyfi fyrir Íssel, sjoppu og ísbúð að Smáratorgi 1 Kópavogi .
Eftirlitsskýrsla dags.25.04.2023.

Tóbaksleyfi samþykkt til 4 ára.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

4. Strandgata 53 Hafnarfirði - tækifærisleyfi - umsögn
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 07.11.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Kvennaskólans í Reykjavík, kt.650276-0359 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir skóladansleik að Strandgötu 53 Hafnarfirði þann 21.11.2024 kl. 22:00 til 22.11.2024 kl. 01:00. Áætlaður gestafjöldi 800 manns
Eftirlitsskýrsla dags. 07.11.2024.
Jákvæð umsögn staðfest.

5. Strandgata 6 Hafnarfirði - Jólahjarta Hafnarfjarðar - tækifærisleyfi
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 05.11.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Bæjarbíó slf., kt.611116-0550 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir Jólahjarta Hafnarfjarðar í tjaldi á Mathiesen torg bak við Bæjarbíó Strandgötu 6 Hafnarfirði þann 21.11.2024 - 28.11.2024 kl. 12:00 til 22:00. Áætlaður gestafjöldi 100 manns
Jákvæð umsögn staðfest.

6. Strandgata 6 Hafnarfirði - Jólahjarta Hafnarfjarðar - tækifærisleyfi
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 05.11.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Bæjarbíó slf., kt.611116-0550 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir Jólahjarta Hafnarfjarðar í tjaldi á Mathísen torg bak við Bæjarbíó Strandgötu 6 Hafnarfirði þann 07.12.2024 - 14.12.2024 kl. 12:00 til 22:00. Áætlaður gestafjöldi 100 manns
Jákvæð umsögn staðfest.

7. Strandgata 6 Hafnarfirði - Jólahjarta Hafnarfjarðar - tækifærisleyfi
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 05.11.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Bæjarbíó slf., kt.611116-0550 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir Jólahjarta Hafnarfjarðar í tjaldi á Mathísen torg bak við Bæjarbíó Strandgötu 6 Hafnarfirði þann 15.12.2024 - 22.12.2024 kl. 12:00 til 22:00. Áætlaður gestafjöldi 100 manns
Jákvæð umsögn staðfest.

8. Strandgata 6 Hafnarfirði - Jólahjarta Hafnarfjarðar - tækifærisleyfi
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 05.11.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Bæjarbíó slf., kt.611116-0550 þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir Jólahjarta Hafnarfjarðar í tjaldi á Mathiesen torg bak við Bæjarbíó Strandgötu 6 Hafnarfirði þann 29.11.2024 - 06.12.2024 kl. 12:00 til 22:00. Áætlaður gestafjöldi 100 manns
Jákvæð umsögn staðfest

9. Urriðaholtsstræti 24 Garðabæ - dreifing matvæla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Sigurðar Hólmars Jóhannessonar f.h. Ozon ehf., kt. 550385-0159 dags. 06.11.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir dreifingu matvæla að Urriðaholtsstræti 24 Garðabæ. Fasteignanr.F2361769. Breyting á starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 13.11.2024.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

10. Álfholt 56 C Hafnarfirði - matarvagn - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Bernadett Varga f.h. Varga-Nagy ehf., kt. 500624-1590 dags. 11.09.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matarvagn. Lögheimili að Álfholti 56 C Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags.13.11.2024.
Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.

11. Dalvegur 10-14 Kopavogur - samkomustaður - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Þóreyjar Gunnlaugsdóttur f.h. Skopp Ísland kt.710717-0440 dags. 16.08.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir skemmtigarð /samkomuhús að Dalvegi 10-14 Kópavogi. Fasteignanr.F2291536. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 13.11.2024.
Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

12. Strandgata 6 Hafnarfirði - Jólahjarta Hafnarfjarðar - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Páls Eyjólfssonar f.h. Bæjarbíó slf., kt. 611116-0550 dags. 13.11.2024 þar sem sótt er um tímabundið starfsleyfi fyrir tjald aftan við Bæjarbíó v/Jólahjarta Hafnarfjarðar.
Eftirlitsskýrsla dags. 07.11.2024.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er samþykkt starfsleyfi frá 15.11.2024-23.12.2024 frá kl. 17.00 – 22.00.

13. Strandgata 24b Thorsplan Hafnarfirði - Jólahjarta Hafnarfjarðar -umsögn
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 13.11.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn MAKK ehf., kt.570418-2030 þar sem sótt er um tækifærisleyfi í tilefni af Jólahjarta Hafnarfjarðar, Thorsplani Hafnarfirði þann 15.11.2024 frá 17:00-20:00. 16.11.2024 frá 13:00 til 18:00 17.11.2024 frá 13:00-18:00. Áætlaður gestafjöldi 200 manns.
Jákvæð umsögn staðfest.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

35. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 20.11.2024	**Fundartími: 09:00 – 10:00**
Boðaðir:	Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir
Fundarstjóri:	Hörður Þorsteinsson
Ritari:	Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. **Breiðamýri Garðabæ - tækifærisleyfi - umsögn**
2. **Trönuhraun 10, Hafnarfirði - gistiheimili - starfsleyfi**
3. **Strandgata 24b Thorsplan Hafnarfirði - Jólahjarta Hafnarfjarðar -umsögn**
4. **Strandgata 24b Thorsplan Hafnarfirði - Jólahjarta Hafnarfjarðar -umsögn**
5. **Hverahlíð, skátaskáli Hafnarfirði - niðurrif - skránngarskyld starfsemi**
6. **Víkurhvarf 1 Kópavogi - tækifærisleyfi - umsögn**
7. **Boðaþing 9 Kópavogi - Boðinn þjónustumiðstöð - veitingaleyfi - umsögn**
8. **Eyrartröð 13a Hafnarfirði - fiskvinnsla - starfsleyfi**
9. **Nýbýlavegur 8 Kópavogi - framleiðsla matvæla - starfsleyfi**

1. Breiðamýri Garðabæ - tækifærisleyfi - umsögn
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 19.11.2024 f.h. Lions klúbburinn Álftanesi, kt. 690385-0669 þar sem sótt er um tækifærisleyfi -Tímabundið áfengisleyfi fyrir samkomu, skötusölu, þann 23.12.2024 frá kl. 10:00 - kl. 17:00 Áætlaður gestafjöldi er 200 manns.
Jákvæð umsögn staðfest.

2. Trönuhraun 10, Hafnarfirði - gistiheimili - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Álfhildar Pálsdóttur f.h. Lindaberg ehf., T10, kt. 631105-0920 dags. 18.11.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir gistiheimili að Reykjavíkurvegi 68 Hafnarfirði. Fasteignanr.2080282,2233201,2233202. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 16.02.2024.
Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

3. Strandgata 24b Thorsplan Hafnarfirði - Jólahjarta Hafnarfjarðar -umsögn
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 13.11.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn MAKK ehf., kt.570418-2030 þar sem sótt er um tækifærisleyfi í tilefni af Jólahjarta Hafnarfjarðar, Thorsplani Hafnarfirði þann 29.11.2024 frá 17:00-20:00. 30.11.2024 frá 13:00 til 18:00 01.12.2024 frá 13:00-18:00. Áætlaður gestafjöldi 200 manns.
Jákvæð umsögn staðfest.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

4. Strandgata 24b Thorsplan Hafnarfirði - Jólahjarta Hafnarfjarðar -umsögn
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 15.11.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn MAKK ehf., kt.570418-2030 þar sem sótt er um tækifærisleyfi í tilefni af Jólahjarta Hafnarfjarðar, Thorsplani Hafnarfirði þann 22.11.2024 frá 17:00-20:00. 23.11.2024 frá 13:00 til 18:00 24.11.2024 frá 13:00-18:00. Áætlaður gestafjöldi 200 manns.
jákvæð umsögn staðfest.

5. Hverahlíð, skátaskáli Hafnarfirði - niðurrif - skráningarskyld starfsemi
Lögð fram umsókn Skátafélagsins Hraunbúa kt. 640169-7029, dags. 15.11.2024, þar sem sótt er um skráningu fyrir niðurrif mannvirkja á skátaskála í Hverahlíð við Kleifarvatn, Krísuvík. Fasteignanr. 2077145
Með vísun til mengunarreglugerða er niðurrif heimilað til 31.12.2024.

6. Víkurhvarf 1 Kópavogi - tækifærisleyfi - umsögn
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 13.11.2024 f.h. Kenzo ehf., kt. 510316-1690 þar sem sótt er um tækifærisleyfi -Tímabundið áfengisleyfi fyrir samkomu þann 22.11.2024 frá kl. 23:00 - kl. 02:00 þann 23.11.2024. Áætlaður gestafjöldi er 99 manns.
Jákvæð umsögn.

7. Boðaþing 9 Kópavogi - Boðinn þjónustumiðstöð - veitingaleyfi - umsögn
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 07.11.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hrafnistu Kópavogi. kt.480210-2040 þar sem sótt er um veitingaleyfi í flokki II – C. Veitingastofa og greiðasala í Boðanum þjónustumiðstöð Boðaþingi 9 Kópavogi. Hámarks gestafjöldi 140 manns.
Starfsemi rúmast innan starfsleyfis. Eftirlitsskýrsla dags. 24.5.2024.
Jákvæð umsögn staðfest.

8. Eyrartröð 13a Hafnarfirði - fiskvinnsla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Bjarna Þórs Einarssonar f.h. AG Seafood ehf., kt. 481208-0170, dags. 20.09.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir fiskvinnslu að Eyrartröð 13a Kópavogi. Fasteignanr.F2074530. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 14.11.2024.
Með vísan til ákvæða mengunarvarnarreglugerða er skráning staðfest.

9. Nýbýlavegur 8 Kópavogi - framleiðsla matvæla - starfsleyfi
Lögð fram umsögn Halldórs Erik Jan Sverrissonar f.h. HD Grill ehf., kt. 670224-0820 dags. 02.09.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397.
Eftirlitsskýrsla dags.14.11.2024.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

36. Afgreiðslufundur HEF

Dagsetning: 27.11.2024	**Fundartími: 09:00 – 10:00**
Boðaðir:	Dröfn Friðriksdóttir; Anna Kristín Einarsdóttir; Einar Oddsson; Tore Skjenstad; Ríkharður F. Friðriksson; Katrín Huld Káradóttir; Anna Birna Björnsdóttir; Árni Davíðsson; Anna Björk Sigurjónsdóttir; Hlín Halldórsdóttir; Sigrún Hrönn Halldórsdóttir; Pétur Halldórsson; Sigríður Perla Thorsteinson; Sigríður Klara Árnadóttir
Fundarstjóri:	Hörður Þorsteinsson
Ritari:	Dröfn Friðriksdóttir

Dagskrá fundarins:

1. **Valhúsahæð - Brennuleyfi - bálköstur - lítil brenna - umsögn**
2. **Bæjarlind 2 Kópavogi - bón-og bílaþvottastöð - skráning**
3. **Miðhraun 18 Garðabæ - dekkjaverkstæði - skráning**
4. **Nýbýlavegur 8, Kópavogi - framleiðsla matvæla - starfsleyfi**
5. **Hagasmári 1 Kópavogi - kaffihús - starfsleyfi**
6. **Litlatún 1-3 Garðabæ - matvöruverslun - starfsleyfi**
7. **Nýbýlavegur 8, Kópavogi - framleiðsla matvæla - starfsleyfi**

1. Valhúsahæð - Brennuleyfi - bálköstur - lítil brenna - umsögn
Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 21.11.2024 þar sem óskað er umsagnar á umsókn Seltjarnarnesbæjar kt.560269-2429 þar sem sótt er um Brennuleyfi - bálköstur - lítil brenna á Valhúsahæð Seltjarnarnesi, þann 31.12.2024 kl. 21:00.
Jákvæð umsögn staðfest.

2. Bæjarlind 2 Kópavogi - bón-og bílaþvottastöð - skráning
Lögð fram umsókn Róberts Reynissonar f.h. Bílaþvottastöðin Lindin, kt. 550512-1490 dags. 26.11.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir bílaþvottastöð að Bæjarlind 2 Kópavogi. Endurnýjun.
Eftirlitsskýrsla dags. 27.11.2024.
Með vísun til mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.

3. Miðhraun 18 Garðabæ - dekkjaverkstæði - skráning
Lögð fram umsókn Haraldar H. Guðbrandssonar f.h. Dekkjahöllin ehf., kt. 520385-0109 dags. 18.11.2024 þar sem sótt er um skráningu fyrir hjólbarðaverkstæði að Miðhrauni 18 Hafnarfirði. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 20.11.2024Bréf sent byggingafulltrúa dags. 14.08.2024. Jákvætt svar dags. 19.08.2024.
Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er skráning samþykkt.

4. Nýbýlavegur 8, Kópavogi - framleiðsla matvæla - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Bernadett Varga f.h. Varga-Nagy ehf., kt. 500624-1590 dags. 31.10.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397.
Eftirlitsskýrsla dags. 26.11.2024.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026

5. Hagasmári 1 Kópavogi - kaffihús - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Hróðmars Hafsteins Stefánssonar f.h. Bagelnco kt. 451121-0140 dags. 30.10.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir kaffihús að Hagasmára 1 Kópavogi. Ný starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 22.11.2024.
Með vísan til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

6. Litlatún 1-3 Garðabæ - matvöruverslun - starfsleyfi
Lögð fram umsókn Sigrúnar Guðmundsdóttur f.h. Hagkaup kt. 430698-3549, dags. 23.10.2024 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun með vinnslu að Litlatúni 1-3 Garðabæ, fasteignanr. F2305334. Breyting á húsnæði/viðbót við starfsemi.
Eftirlitsskýrsla dags. 21.11.2024.
Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnarreglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

7. Nýbýlavegur 8, Kópavogi - framleiðsla matvæla - starfsleyfi
L12229 Heima bakstur ehf - L12229
Lögð fram umsókn Rakelar Sjafnar Hjartardóttur f.h. Heima bakstur ehf., kt. 491024-0110 dags. 25.10.2024, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi. Ný starfsemi. Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397.
Eftirlitsskýrsla dags. 26.11.2024.
Með vísun til ákvæða matvælareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 28.06.2032.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 12.11.2026